

Ólöf Tara Harðardóttir

Thu, Mar 31, 6:21 PM
(20 hours ago)

Ég hef skamma stund til að segja ykkur hvað brennur á okkur í dag. Málefnið eru mörg, það sem hefur verið hávæð umræða undanfarið er réttakerfið, forvarnarstarf og fræðsla til að draga úr tíðni ofbeldis, lagabreytingar í kynferðisbrotum, hækkun samræðisaldurs og svo lengi gæti ég talið. Ég ætla hinsvegar ekki að tala um neitt af þessu í dag, vegna þess að mig langar að tala um tjáningarfrelsi og ofbeldi í krafti fjórða valdsins.

Konur hafa í gegnum aldanna rás verið sviptar rödd sinni með öllum tiltækum ráðum. Lokaðar inn á geðsjúkrahúsum, hraktar úr landi, opinberlega smánaðar af gerendum sínum og þeirra bandamönnum og þaggaðar niður í nafni rétttríkis.

Rétttríki sem brýtur á réttindum þeirra, rétttríki sem virkar ekki fyrir þolendur, rétttríki sem gerir gerendum kleift að þagga niður og beita áfram ofbeldi. Rétttríki sem virkar einungis fyrir gerendum.

Þolendur eru kærðir fyrir að kæra, þolendur eru kærðir fyrir að nýta sér tjáningarfrelsið sitt, þolendur eru smánaðir og skammaðir fyrir að hafa hugrekki til að slíta sig úr hreðjum þöggunar og ofbeldis.

Tjáningarfrelsið gerir okkur kleift að segja okkar sögu þegar réttarkerfið vill ekki hlusta. Tjáningarfrelsi gerir okkur kleift að knýja fram breytingar, það gerir okkur kleift að skila skömminni og tækifæri til að gera mannorð gerenda okkar nákvæmara. Í hvert skipti sem við finnum nýja leið spyrnir feðraveldið á móti okkur með sínum gömlu aðferðum sem alltaf hafa virkað.

Valdamiklir menn beita sér gegn tjáningarfrelsi þolenda, og baráttunni yfir höfuð með pistlaskrifum, opinbera lögregluskýrslur þolenda sem eiga ekkert erindi við almenning, drusluskamma, afvegaleiða og saka þolendur og baráttukonur um fjárhúganir, lygar, athyglissýki og mannorðsmorð.

Þið vitið þetta allt saman, við hér inni vitum þetta. Við höfum staðið í baráttunni, fylgst með þessu endurtaka sig aftur og aftur og jafnvel orðið fyrir þessum aðförum.

Sem leiðir okkur að fjórða valdinu.

Þar fær að þrífast hatursorðræða gegn okkur.

Valdamiklir menn nota fjölmiðla til að þagga niður í þolendum og baráttukonum, undir formerkjum tjáningarfrelsis, sem þeir á sama tíma ætla að svipta okkur. Fjölmiðlar notar okkur til að græða tekjur með því að slá okkur upp í agressífum fyrirsögnum, fjalla um okkur aftur og aftur og aftur á neikvæðan hátt til að kynda vel undir fyrirlitningu á okkur í kommentakerfum.

Við erum afmennskaðar vísvintandi, þeir leika sér að því að kynda undir helstu kvenhötrunum landsins sem ráðast svo að okkur með ofbeldisfullum hætti og stofna þannig lífi okkar í hættu.

Við erum teknar fyrir ein í einu, til þess að sjá til þess að við brennum alveg örugglega út á álaginu sem fylgir þessum aðförum.

Við sáum þessa aðför að Hildi Lillendahl, Sóley Tómasdóttur og núna Eddu Falak og stjórnarkonum Öfga.

Við þekkjum ótal dæmi um þolendur og aktívista sem beittir eru ofbeldi í krafti fjórða valdsins, ég hef því miður ekki tíma til að telja upp allar þessar hugrökku konur sem hafa slétt út jarðveginum.

Normalíseringin á þessari birtingarmynd ofbeldis er jafn mikil og normalísering á kynbundu ofbeldi. „Það er partur af því að vera í framlínunni að lenda í þessu, það er partur af því að standa með sjálfri sér og segja frá ofbeldi að lenda í þessu” segja þau.

Sama afstöðuleysi og afskiptarleysi og að konur verði fyrir ofbeldi daglega og gerendur þurfa aldrei að axla ábyrgð, að konur enda með stærri áföll eftir að hafa farið í gegnum réttarkerfið og í því ferli jafnvel misst allt.

Ég ætla að berjast fyrir tjáningjarsfrelsi þolenda, ég ætla að efla þolendur í að nýta tjáningarsfrelsið, sama þó ég fái á mig meiðyrðakærur í hvert einasta skipti sem ég ögra þöggunartilburðum og stend með þolendum. Ég ætla að vera harðasti dómstóll götunnar ef þess þarf og þróa nýjar leiðir á meðan raddir okkar eru hundsaðar.

Með aðstoð allra þeirra sem ruddu veginn fyrir mína aktívista tíð, ásamt öllum þeim sem standa í framlínunni núna og fyrir alla þolendur og baráttukonur í framtíðinni ætlum við að breyta þessu. Kvennasamstaðan er eitt öflugasta hreyfiafl í heimi. Tími þagnarinnar er löngu liðinn, við ætlum aldrei að þagna.

Mbk,
Ólöf Tara
